

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 157/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Helgu Björk Einarsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m., sem barst Hæstarétti 10. þ.m. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og henni dæmdur kærumálskostnaður.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til 5. og 6. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir verða að fallast á þá kröfu, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi, meðan mál hennar sætir frekari meðferð. Að svo komnu þykja þó ekki efni til að ákveða lengri varðhaldsvistartíma en til mánudagsins 30. apríl nk. kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Helga Björk Einarsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 30. apríl nk. kl. 16.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. apríl 1990.

Ár 1990, föstudaginn 6. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að kærðu, Helgu Björk Einarsdóttur verkakonu, Krummahólum 4, Reykjavík, kt. 160465-4179, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16.

maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Miðvikudaginn 4. apríl sl. kl. 19.06 var lögreglan í Reykjavík kvödd að Krummahólum 4, Reykjavík. Tilkynnt var um árás kærðu með hnífi. Var kærða handtekin þar og flutt í fangageymslu.

Kærandi, Kristín Árna Zóphóníasdóttir, móðir kærðu, bar í skýrslu hjá RLR, að kærða hefði eftir misklið nokkra og stimpingar þeirra á milli náð í hníf úr eldhússkápi, reitt hann á loft og lagt hann í átt til kæranda um kl. 19.00 þann 4. apríl sl. Hafi sambýlismaður kæranda, Eyjólfur Engilbertsson, í þann mund gripið eldhússtól og náð að skýla kæranda fyrir hnífslaginu. Hann hafi síðan sagt kæranda að fara út. Kvaðst kærandi hafa séð, áður en hún fór út úr íbúðinni, að Eyjólfur náði taki á hendi kærðu.

Kærandi bar jafnframt, að kærða hefði margoft hótad henni og sambýlismanni hennar lífláti á hinn óhugnanlegasta hátt. Kvaðst hún viss um, að um alvarlegan geðsjúkdóm væri að ræða hjá kærðu.

Eyjólfur Engilbertsson bar fyrir RLR, að kærða hefði í umrætt skipti hótad honum og sambýliskonu hans lífláti á hinn versta máta. Kærða hefði seilst inn í eldhússkáp og tekið fram hníf, sem hún beindi síðan að móður sinni, er sat við eldhúsbordið. Hafði kærða jafnframt í hótunum. Kveðst Eyjólfur hafa gripið stól, og hafi kærða, eftir að Kristín var farin, ráðist að honum með hnífinn, en hann hafi náð taki á úlnið hennar og ækist að afvopna hana. Minnstu hafi þó munað, að hnífurinn færi í læri hans.

Við yfirheyrslu hjá RLR og fyrir dómi bar kærða, að spenna hefði safnast innra með henni undanfarið. Hefði hún nýtt svefnlyfja og róandi lyfja aðfaranótt miðvikudagsins sl. og fram að kvöldi þess dags.

Um kvöldið þann dag hafi komið til illinda milli hennar og móður hennar. Við yfirheyrslu hjá RLR kvaðst kærða hafa séð hnífinn og tekið hann, er hún skellti skáphurðum í eldhúsinu. Kvaðst kærða vera viss um, að ef hún héldi á hnífnum, mundi hún fá símann afhentan. Kærða neitaði að hafa beint hnífnum að móður sinni. Kvaðst kærða fyrst hafa reitt hnífinn á loft og beint honum að Eyjólf, er hann hafi gripið eldhússtól og beint honum að sér.

Kærða hefur við meðferð málsins játað að hafa sagt, að hún mundi beita hnífnum, „ef hún fengi ekki símann“. Kvaðst hún jafnframt hafa átt þess kost að stinga Eyjólf, ef hún hefði ætlað. Bar kærða, að hún hefði sjálf sleppt hnífnum.

Samkvæmt sakavottorði kærðu var hún þann 23.6.1989 dæmd í 8 mánaða fangelsi skilorðsbundið til 3 ára fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr.,

217. gr., 1. mgr. 218. gr., 233. gr. og 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara er 1 mál á hendur kærðu, er varðar ætluð brot hennar gegn XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga.

Kærðu hefur fjórum sinnum verið gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsókna kærna á hendur henni um brot gegn XII., XXIII., XV. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga. Kærendur í málum þessum hafa allir haft afskipti af málefnum kærðu.

Tvívegis hefur kærða gengist undir rannsókn á geðheilbrigði, í febrúar 1988 og í júlí 1989. Niðurstöður beggja rannsókna eru á þann veg, að ekkert komi fram, er gefi til kynna, að kærða sé ekki fyllilega ábyrg gerða sinna. Ber athugunum saman um, að kærða sé ekki geðveik, en haldin persónuleikatruflunum. Hún sé því sakhæf.

Í síðari rannsókninni er á það bent, að kærða sé háskaleg umhverfi sínu, og að því vikið, að ekki sé líklegt, að kærða láti af ógnunum.

Brot þau, sem kærða er grunuð um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skirskotun til 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR til greina og gera kærðu að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. maí nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Helga Björk Einarsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. maí nk. kl. 16.00.